Samþykkt þessi, sem borgarstjórn Reykjavíkur hefur samið og samþykkt samkvæmt lögum nr. 1 3. janúar 1890, sbr. lög nr. 67 28. nóvember 1919, um lögreglusamþykktir fyrir kaupstaðina, staðfestist hér með og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 22. október 1975.*

**Ólafur Jóhannesson.**

*Ólafur W. Stefánsson.*

20. október 1975. Nr. 469.

## AUGLÝSING

### fyrir Álftá í Mýrasýslu.

| | | |
|---|---|---|
| Arnarstapi | 147 | einingar |
| Álftárbakki | 97 | — |
| Álftárós | 214 | — |
| Þverholt | 26 | — |
| Ánastaðir | 121 | — |
| Hamraendar | 22 | — |
| Hrafnkelsstaðir | 244 | — |
| Hundastapi | 129 | — |
| Samtals | 1000 | einingar |

Arðskrá þessi tók gildi í júní 1973.

Arðskrá þessi er gerð samkvæmt lögum nr. 76, 25. júní 1970 um lax- og silungsveiði og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Landbúnaðarráðuneytið, 20. október 1975.*

**Halldór E. Sigurðsson.**

*Ragnheiður Árnadóttir.*

20. október 1975. Nr. 470.

## SAMÞYKKT

### fyrir veiðifélag Miklavatns og Fljótaár í Holtshreppi.

1. gr.

Félagið heitir Veiðifélag Miklavatns og Fljótaár.

Heimili þess og varnarþing er Holtshreppur í Skagafjarðarsýslu.

2. gr.

Félagið nær til allra jarða, sem land eiga að því vatnasvæði, sem félagið er stofnað um: Miklavatn, Hraunós, Fljótaá, að uppistöðustíflu við Skeiðsfoss, Brúnastaðaá, Reykjaá, svo og allar ár hér ótaldar og lækir, sem í vötn og ár þessar renna.

Jarðir þessar eru: Hraun I og II, Lambanes-Reykir, Lambanes, Illugastaðir, Brúnastaðir, Nýrækt, Minna-Holt, Stóra-Holt, Helgustaðir, Saurbær, Bjarnagil, Molastaðir, Reykjarhóll, Hólavellir, Hólakot, Hólar, Gil, Bakki, Skeið, Stóra-Þverá, Berg-

hylur, Stóra-Brekka, Slétta, Hamar, Stóri-Grindill, Minni-Grindill, Gautland, Haganes I, Haganes II, Brautarholt, Vík, Neðra-Haganes.

3. gr.

Verkefni félagsins eru að stunda fiskirækt á félagssvæðinu, ráðstafa veiði og skipuleggja nýtingu vatnasvæðisins, að því er tekur til allrar veiði á fiski, sem á vatnasvæðinu er og ræktaður kann að verða.

4. gr.

Stjórn félagsins skipa þrír menn, formaður og tveir meðstjórnendur, skulu þeir kosnir á aðalfundi til þriggja ára í senn. Ganga þeir úr stjórn félagsins á víxl, þannig að formaður gengur úr eftir eitt ár, annar meðstjórnandinn eftir tvö ár og hinn eftir þrjú ár, og helst svo sama röð áfram.

Enginn atkvæðisbær félagsmaður getur skorast undan endurkosningu, nema sérstök forföll hamli eða hann hafi verið í stjórn þrjú ár í röð. Kjósa skal tvo varamenn stjórnar og tvo endurskoðendur til tveggja ára í senn, þannig að annar varamaðurinn og annar endurskoðandinn gangi úr eftir eitt ár og hinn eftir tvö ár.

5. gr.

Stjórnin hefur á hendi allar framkvæmdir félagsins milli aðalfunda.

Stjórninni er heimilt að ráða sér menn til aðstoðar við þau störf í þágu félagsins, sem vinna þarf á hverjum tíma og semja við þá um þóknun fyrir.

Formaður er fulltrúi félagsins útávið og hefur yfirumsjón með öllum störfum félagsins, stjórnar og fjárreiðum.

Óheimilt er öllum að veiða á félagssvæðinu, nema með sérstöku skriflegu leyfi félagsstjórnar. Í leyfinu skal tekið fram um veiðitíma og veiðitæki, og með hvaða kjörum leyfið er veitt.

6. gr.

Aðalfund skal halda eigi síðar en í aprílmánuði ár hvert. Á aðalfundinum skýrir stjórnin frá störfum félagsins á liðnu ári, og leggur fram tillögu um starfsemi á því ári. Þá skal hún leggja fyrir fundinn endurskoðaða reikninga félagsins næstliðins árs og úrskurðar fundurinn þá.

7. gr.

Reikningsár félagsins er almanaksárið.

Stjórninni ber að færa reikninga í gerðabók, sem henni er skylt að halda, svo og samþykktir félagsins, félagaskrá, arðskrá, fundargerðir og bréf.

8. gr.

Arði af sameiginlegri veiði skal skipta niður á félagsmenn samkvæmt arðskrá. Félagsmenn greiða gjöld til félagsins í sama hlutfalli og þeir taka arð.

9. gr.

Brot gegn samþykktum þessum varða sektum samkvæmt XVI. kafla laga nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði.

Samþykkt þessi staðfestist samkvæmt lögum nr. 75, 25. júní 1970, um lax- og silungsveiði, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Landbúnaðarráðuneytið, 20. október 1975.*

**Halldór E. Sigurðsson.**

*Ragnheiður Árnadóttir*